



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 26.03.2019
Tilvísun 1903076/14.5

**Umsögn Fjarðabyggðar um frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar
uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta 639. mál**

Frumvarpi þessu er ætlað að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/61/ESB, frá 15. maí 2014, um ráðstafanir til að lækka kostnað við uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum sem vísað.

Markmið lagafrumvarps er að stuðla að og hvetja til hagkvæmari uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta með sameiginlegri nýtingu á núverandi innviða. Fjarskiptafyrirtæki getur farið þess á leit með skriflegri beiðni að rekstraraðili nets geri aðgengilegar lágmarksupplýsingar um fyrirbyggjandi innviði, yfirstandandi eða áætlaðar framkvæmdir sem veitt hafa verið leyfi fyrir eða umsókn til byggingar- eða skipulagsyfirvalda fyrir leyfisveitinga.

Frumvarpið leiðir af sér að samkeppnisaðilar á fjarskiptamarkaði þurfa að fenginni beiðni að miðla sín á milli upplýsingum um fjarskiptainnviði og veita aðgengi að þeim, gefi þeir á annað borð kost á aukinni nýtingu. Forsendur samstarfs þurfa að vera á viðskiptalegum forsendum.

Frumvarpið hefur því jákvæða og verulega þýðingu fyrir útbreiðslu háhraðaneta og er mikilvæg fyrir uppbyggingu í minni samfélögum þar sem hlutfallskostnaður á notendur er hár.


Gunnar Jónsson